



LSR fagnar 100 ára afmæli á árinu

Gaman er að segja frá því að LSR er elsti lífeyrisjóður landsins, en upphaf sjóðsins má rekja aftur til ársins 1919. LSR fagnar því 100 ára afmæli á árinu 2019.

Heimildir benda þó til þess að saga íslenska lífeyriskerfisins nái aftur til ársins 1855, þegar tilskipun frá 1851 um eftirlaun embættismanna varð að lögum.

Fyrsti eiginlegi lífeyrissjóðurinn varð hins vegar til 28. nóvember 1919, með gildistöku laga nr. 72/1919, um stofnun lífeyrissjóðs fyrir embættismenn og um skyldur þeirra til að kaupa sér geymdan lífeyri. Sjóðnum var ætlað að tryggja

embættismönnum, er létu af embætti sökum elli og vanheilsu, lífeyri. LSR á þannig röt að rekja til þessarar lagasetningar þótt heiti sjóðsins og starfsemi hafi vissulega breyst síðar.

LSR hefur eðlilega tekið miklum breytingum í gegnum tíðina og það sem byrjaði sem lífeyrissjóður fyrir fámennan hóp embættismanna er í dag stærsti lífeyrissjóður landsins í eignum talið og starfar í þremur deildum, A-deild, B-deild og Séreign LSR.

Á vef LSR, www.lsr.is, má lesa sögu LSR frá upphafi til dagsins í dag.

LSR býður nú upp á óverðtryggð lán

Frá því í janúar síðastliðnum hefur sjóðfélögum LSR staðið til boða að taka óverðtryggð fasteignalán hjá sjóðnum og hafa þeir tekið vel í þennan nýja lánamöguleika. Sjóðfélagar eiga eftir sem áður einnig kost á að taka verðtryggð lán kjósi þeir það fremur. Óverðtryggð fasteignalán eru með breytilegum vöxtum sem taka breytingum á 36 mánaða fresti samkvæmt ákvörðun LSR. Ákvörðun um gildandi vexti hverju sinni þ.e. vegna nýrra óverðtryggðra lána og lána þar sem komið er að vaxtaendurskoðun er tekin mánaðarlega og eru vextirnir á hverjum tíma birtir á vef sjóðsins.

Afkoma LSR á árinu 2018

Nafnávöxtun LSR var 5,6% á árinu 2018 sem svarar til 2,1% hreinnar raunávöxtunar. Meðaltal hreinnar raunávöxtunar LSR síðustu fimm árin er 4,7% og síðustu tíu árin 4,6%. Tekjur af fjárfestingum sjóðsins námu 46,1 milljarði króna á árinu 2018 og voru eignir LSR 872,8 milljarðar króna í árslok 2018.

Verðbréfamarkaðir lækkuðu skarpt í desember 2018 og hafði það eðlilega áhrif áávöxtun LSR á árinu. Þær lækkanir sem urðu á mörkuðum í desember hafa komið til baka í upphafi ársins 2019 og gott betur. Í ljósi þessa var afkoma ársins 2018 vel ásættanleg.

Góð eigna- og áhættudreifing er í verðbréfasafni LSR milli einstakra flokka verðbréfa. Eignir í erlendum gjaldmiðlum voru 30,5% í árslok.

Sjóðfélagavefur verður *Mínar síður*

Innskráningarvefur sjóðfélaga og lántaka á vef LSR, www.lsr.is, mun framvegis vera kallaður *Mínar síður*. Þar geta sjóðfélagar og þeir sem eru með lán frá lífeyrissjóðnum nálgast allar upplýsingar um réttindi sín og lánamál. Í upphafi árs bættust við rafrænar umsóknir um eftirlaun og val á reglum ásamt því að nýr lánahluti var tekinn í notkun. Nú er því hægt að greiða inn á lán, greiða upp lán og gera reglubundinn umframgreiðslusamning með öruggari og einfaldari hætti fyrir lántaka.

B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins

Upplýsingar um starfsemi á árinu 2018

Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris árið 2018

	2018	2017
Iðgjöld	1.990,4	2.185,6
Framlag ríkisins til jöfnunar á örorkubyrði	159,7	152,9
Lífeyrishækkarnir	19.743,3	18.521,9
Uppgjör og innborganir vegna skuldbindinga	6.547,3	25.437,2
Lífeyrir	(49.869,1)	(46.465,2)
Hreinar fjárfestingartekjur	15.860,4	20.626,1
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	(587,6)	(538,5)
Önnur gjöld	(11,5)	(0,3)
Breyting á hreinni eign á árinu	(6.167,1)	19.919,8
Hrein eign frá fyrra ári	255.059,2	235.139,3
Hrein eign til greiðslu lífeyris í árslok	248.892,0	255.059,2

Fjárhæðir í milljónum króna

Efnahagsreikningur 31.12.2018

	2018	2017
Eignarhlutir í félögum og sjóðum	115.461,3	115.919,7
Skuldabréf	117.946,4	123.495,6
Fullnustueignir	59,0	58,4
Handbært fé	16.601,2	16.757,3
Varanlegir rekstrarfjármunir	0,0	16,6
Kröfur	499,5	1.126,3
Eignir samtals	250.567,3	257.373,9
Skuldir	1.675,3	2.314,7
Skuldir samtals	1.675,3	2.314,7
Hrein eign til greiðslu lífeyris í árslok	248.892,0	255.059,2

Eignir utan efnahagsreiknings

Krafa á launagreiðendur skv. 33. gr. laga nr. 1/1997	474.818,1	456.467,1
--	-----------	-----------


Fjárhæðir í milljónum króna

Kennitölur

	2018	2017
Nafnávöxtun	6,5%	8,8%
Hrein raunávöxtun	2,9%	6,7%
Meðaltal hreinnar raunávöxtunar síðustu 5 ára	4,8%	5,6%
Meðaltal hreinnar raunávöxtunar síðustu 10 ára	4,8%	1,4%
Eignir í íslenskum krónum	62,1%	61,8%
Eignir í erlendum gjaldmiðlum	37,9%	38,2%
Skrifst. og stjórnunarkostn. í % af meðalstöðu eigna	0,23%	0,22%
Meðalfjöldi virkra sjóðfélaga	2.164	2.549
Meðalfjöldi lífeyrisþega	16.431	15.911

Hrein eign til greiðslu lífeyris

(í millj. kr.)



Sameining Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga (LH) við B-deild LSR

Þann 1. janúar 2018 sameinaðist LH við B-deild LSR. Við sameininguna voru eignir B-deildar LSR 228 milljarðar kr. en eignir LH 27 milljarðar kr.

Til að gera upplýsingar B-deildar LSR vegna ársins 2018 samanburðarhæfar við árið 2017 þá hefur fjárhæðum og fjöldatölum LH verið bætt við hjá B-deild LSR vegna ársins 2017 (sjá yfirlit hér til hliðar).

Stjórn LSR

Unnur Pétursdóttir, formaður
Gunnar Björnsson, varaformaður
Árni Stefán Jónsson
Áslaug María Friðriksdóttir
Guðrún Ögmundsdóttir
Ragnar Þór Pétursson
Viðar Helgason
Þórveig Þormóðsdóttir

Framkvæmdastjóri
Haukur Hafsteinnsson

Ársfundur

Ársfundur LSR verður haldinn fimmtudaginn 23. maí 2019 á Hilton Reykjavík Nordica, Suðurlandsbraut 2, kl. 15:00. Ársfundur er opin öllum sjóðfélögum og launagreiðendum.

Kynningar- og fræðslufundir um lífeyrismál fyrir virka sjóðfélaga

20. maí Fyrir sjóðfélaga sem greiða í B-deild LSR.
21. maí Fyrir sjóðfélaga sem greiða í A-deild LSR.
22. maí Fyrir sjóðfélaga sem greiða í A-deild LSR.

Boðið er upp á tvær tímasetningar; kl. 8:30-10:00 og kl. 16:30-18:00.

Sjóðfélagar eru beðnir um að skrá sig með því að hringja í síma 510 6100 eða senda tölvupóst á lsr@lsr.is og tilgreina nafn, kennitölu og val á tímasetningu.

www.lsr.is



LSR

Lífeyrissjóður
starfsmanna ríkisins

Engjateigi 11
105 Reykjavík
Sími: 510 6100
lsr@lsr.is

A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins

Upplýsingar um starfsemi á árinu 2018

Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris árið 2018

	2018	2017
Iðgjöld	30.313,5	27.611,7
Framlag ríkisins til jöfnunar á örorkubyrði	244,3	216,8
Lífeyrir	(7.476,1)	(6.115,4)
Hreinar fjárfestingartekjur	29.543,1	36.195,8
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	(687,8)	(501,7)
Önnur gjöld	(0,2)	0,0
Breyting á hreinni eign á árinu	51.936,9	57.407,3
Hrein eign frá fyrra ári	555.130,0	497.722,7
Hrein eign til greiðslu lífeyris í árslok	607.066,9	555.130,0

Fjárhæðir í milljónum króna

Efnahagsreikningur 31.12.2018

	2018	2017
Eignarhlutir í félögum og sjóðum	229.554,7	187.147,9
Skuldabréf	359.954,8	334.142,8
Fullnustueignir	0,0	110,1
Handbært fé	15.149,2	28.739,8
Varanlegir rekstrarfjármunir	446,9	443,5
Kröfur	2.364,3	4.837,8
Eignir samtals	607.469,8	555.421,9
Skuldir	402,9	291,9
Skuldir samtals	402,9	291,9
Hrein eign til greiðslu lífeyris í árslok	607.066,9	555.130,0

Fjárhæðir í milljónum króna

Kennitölur

	2018	2017
Nafnávöxtun	5,2%	7,1%
Hrein raunávöxtun	1,8%	5,2%
Meðaltal hreinnar raunávöxtunar síðustu 5 ára	4,8%	5,7%
Meðaltal hreinnar raunávöxtunar síðustu 10 ára	4,4%	1,4%
Eignir í íslenskum krónum	72,6%	75,6%
Eignir í erlendum gjaldmiðlum	27,4%	24,4%
Skrifst. og stjórnunarkostn. í % af meðalstöðu eigna	0,12%	0,10%
Meðalfjöldi virkra sjóðfélaga	26.495	25.402
Meðalfjöldi lífeyrisþega	7.177	6.125


Lífeyrisskuldbindingar skv. tryggingafræðilegri úttekt

	2018	2017
Eignir umfram áfallnar skuldbindingar	93.268,2	101.109,0
Í hlutfalli af áföllnum skuldbindingum	18,8%	23,0%
Eignir umfram heildarskuldbindingar	(33.861,2)	(20.085,4)
Í hlutfalli af heildarskuldbindingum	-3,5%	-2,3%

Fjárhæðir í milljónum króna

Hrein eign til greiðslu lífeyris

(í milljö. kr.)



Stjórn LSR

Unnur Pétursdóttir, formaður
Gunnar Björnsson, varaformaður
Árni Stefán Jónsson
Áslaug María Friðriksdóttir
Guðrún Ögmundsdóttir
Ragnar Þór Pétursson
Viðar Helgason
Þórveig Þormóðsdóttir

Framkvæmdastjóri

Haukur Hafsteinnsson

Ársfundur

Ársfundur LSR verður haldinn fimmtudaginn 23. maí 2019 á Hilton Reykjavík Nordica, Suðurlandsbraut 2, kl. 15:00. Ársfundur er opinn öllum sjóðfélögum og launagreiðendum.

Kynningar- og
fræðslufundir
um lífeyrismál
fyrir virka
sjóðfélaga

20. maí Fyrir sjóðfélaga sem greiða í B-deild LSR.
21. maí Fyrir sjóðfélaga sem greiða í A-deild LSR.
22. maí Fyrir sjóðfélaga sem greiða í A-deild LSR.

Boðið er upp á tvær tímasetningar; kl. 8:30-10:00 og kl. 16:30-18:00.

Sjóðfélagar eru beðnir um að skrá sig með því að hringja í síma 510 6100 eða senda tölvupóst á lsr@lsr.is og tilgreina nafn, kennitölu og val á tímasetningu.

www.lsr.is



LSR

Lífeyrissjóður
starfsmanna ríkisins

Engjateigi 11
105 Reykjavík
Sími: 510 6100
lsr@lsr.is